

Nd.

114. Frumvarp til laga

[98. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Jón Skaftason, Sverrir Hermannsson, Guðlaugur Gíslason, Þorleifur K. Kristmundsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni sem íslenskt skip til ársloka 1978, enda hlíti það reglum, er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk. Loðnunefnd skal gæta þess að heina m/s Ísafold, eftir því sem þörf er á, til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæði hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 19. desember 1974 voru samþykkt lög á Alþingi um breyt. á l. nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu. Í lögum þessum voru ákvæði til bráðabirgða um skip það, sem frumvarp þetta fjallar um, og hljóða þannig: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skip frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febrúar og mars 1975, enda hlíti það reglum er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk.“

Bráðabirgðaákvæði þetta var samþykkt í Ed. án teljandi umræðna, en í Nd. urðu miklar umræður um málið og klofnaði sjútvn. deildarinnar í afstöðu sinni til málsins. Þau meginatriði, sem um var deilt, voru annars vegar að hér væri um afmarkað tilfelli að ræða, sem ekki veitti neitt fordæmi, en hins vegar það sjónarmið, að um væri að ræða málefni, sem snerti fiskveiðilögsöguna, og væri þess vegna varhugavert að samþykkja það vegna fordæmis sem það kynni að skapa. Sú skoðun varð ofan á, að í þessu væri verið að jafna saman tvennu ólíku, annars vegar milliríkjasamningi um fiskveiðiréttindi til handa þegnum annarra þjóða og hins vegar, í þessu umrædda tilfelli, undanþágu til einkaaðila um takmarkaðan tíma fyrir eitt skip, sem gert er út af íslenskum aðila og skipað er íslenskri áhöfn, og snerti ekki á nokkurn hátt okkar landhelgismál.

Við atkvæðagreiðslu um málið eftir 2. umræðu samþykkti 21 þingmaður frv. (og bráðabirgðaákvæðið) óbreytt, en 8 voru á móti. Þannig var frv. endanlega samþykkt á Alþingi 19. des. 1974. Þessi heimild var þó aldrei notuð og lágu ýmsar ástæður til þess.

Með þessu frv. er sú breyting gerð á fyrri ákvæðum, að lagt er til að heimildin veitist til ársloka 1978 og að loðnunefnd geti, þegar þörf krefur, þ. e. ef íslensk skip eru til staðar með aflu, beint m/s Ísafold til hafna, er liggja fjarri aðalveiðisvæðinu hverju sinni og þannig komið í veg fyrir árekstra milli íslenskra sjómanna um löndunarröð og væntanlega tryggð verksmiðjum fjarri veiðisvæðum meira hráefni en ella.